

Nd. 185. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Frá Guðlaugi Gíslasyni og Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 4. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

3. gr. reglugerðar nr. 189 frá 14. júlí 1972 breytist og orðist svo:

Frá 1. jan. 1973 til ársloka 1974 skulu íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á svæði fyrir Norðausturlandi, er takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 4), og austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6).

Á árunum 1973 og 1974 skulu á tímabilinu 10. marz til aprílloka bannaðar veiðar með öllum veiðarfærum á svæði fyrir Suðurlandi, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

- a) 63°32'0 n.br., 21°25'0 v.lg.
- b) 63°00'0 — 21°25'0 —
- c) 63°00'0 — 22°00'0 —
- d) 63°32'0 — 22°00'0 —

Að öðru leyti skal íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969.